

## REGLUGERÐ

### um (14.) breytingu á reglugerð nr. 577/2013 um snyrtivörur.

#### 1. gr.

Við 7. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

- 28) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/885 frá 20. júní 2018 um breytingu á VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur, sem vísað er til í tölulið 1a, XVI. kafla II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 187/2018 frá 21. september 2018. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 64 frá 27. september 2018, bls. 100-103.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/885 frá 20. júní 2018 um breytingu á VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í c-lið 7. tölulið 1. mgr. 11. gr. efnalaga nr. 61/2013. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 21. nóvember 2018.*

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson.**

\_\_\_\_\_  
*Sigríður Auður Arnardóttir.*